

Vinnureglur vegna úthlutunar menningarstyrkja

1. Menningar- og safnanefnd Fjarðabyggðar veitir árlega styrki til menningarstarfsemi.
2. Auglýst er eftir umsóknum í janúar og er umsóknarfrestur alla jafna þrjár vikur. Nefndin úthlutar styrkjum fyrir lok febrúar.
3. Markmiðið er að styðja og efla menningarstarfsemi í Fjarðabyggð.
4. Fjöldi styrkja og upphæðir ráðast af því fjármagni sem veitt er til nefndarinnar við gerð fjárhagsáætlunar á hverju ári.
5. Listamenn, félagasamtök, stofnanir eða menningarviðburðir verða að tengjast Fjarðabyggð með fastri búsetu, með því að viðburðurinn fari fram í Fjarðabyggð eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi í Fjarðabyggð. Ekki er styrkt til náms, reksturs og viðhalds húsnæðis.
6. Skilgreina þarf verkefnið í umsókn á sérstöku umsóknareyðublaði þar sem gerð er grein fyrir verkefninu eða starfsemi, verk- og tímaáætlun og annarri fjármögnun. Með umsóknareyðublaði þarf að fylgja kostnaðaráætlun, ósk um styrkuppþæð og önnur gögn sem umsóknaraðili telur máli skipta.
7. Viðburðir sem ná til sem flestra njóta allajafna forgangs.
8. Fjárstuðningur getur verið allt að 50% af heildar kostnaði við verkefnið. Mótframlag umsækjenda skal vera a.m.k. til jafns við greidda styrkuppþæð.
9. Menningar- og safnanefnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.
10. Styrkur fellur niður fari viðburður ekki fram.
11. Styrkir eru almennt greiddir út eftir að viðburður hefur farið fram en áskilinn er réttur til að krefjast endurgreiðslu styrkja komi ekki til verkefna sem sótt er um. Styrkur er greiddur út þegar uppgjöri vegna viðburðar hefur verið skilað.
12. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.